

Skóla- og frístundaráð

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða um að skyndihjálp verði kennd reglulega á öllum stigum grunnskóla

Á fundi borgarstjórnar þann 14. febrúar 2023 var lögð fram svohljóðandi tillaga Úlfhildar Elísu Hróbjartsdóttur, fulltrúa í ungmennaráði Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundaráði að sjá til þess að nemendur í grunnskólum Reykjavíkurborgar fái fræðslu í skyndihjálp annað hvert ár, tvo klukkutíma í senn, frá og með vorönn 2024.

Greinargerð:

Skyndihjálp er nauðsynleg þekking sem gagnast öllum sem yfir henni búa. Það er því mjög mikilvægt að veita börnum og ungmennum á grunnskólastigi þessa fræðslu. Það eru til fljótlegar aðferðir til að veita fræðslu í skyndihjálp og tekur það u.þ.b. 2 klukkustundir. Þar sem hæfniviðmið um skyndihjálp eru nú þegar í aðalnámskrá ætti að passa að allir nemendur útskrifist úr grunnskóla með góða þekkingu í skyndihjálp. Þess vegna leggur ungmennaráð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða til að skyndihjálp verði kennd annað hvert skólaár.

Samþykkt var að vísa tillögunni til meðferðar skóla- og frístundaráðs.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdísi Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði. Stöðufundur með fulltrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælt til þess að tillagan verði afgreidd af skóla- og frístundaráði fyrir þann tíma.



Helga Björk Laxdal

e.u.